

# Viðburðir á vegum Nemendafélag Glerárskóla veturinn 2020-2023

## Betrifatadagur 2. desember

Það er hefð fyrir því að nemendur og starfsfólk Glerárskóla mæti í „betri fötum“ þegar söngskemmtunin Glerárvisión er haldin. Þann dag er einnig boðið upp á góðan mat í mötuneytinu. Þetta verður frábær dagur.

## Náttfatadagur 16. desember

Nemendaráð hvetur nemendur skólans til þess að koma í náttfötum í skólann föstudaginn 16. desember og hafa það kósí saman.



## Jólapeysudagur 13. desember

Óskað er eftir því að nemendur komi í jólalegum fötum í skólann þriðjudaginn 13. desember. Þá er tilvalið að fara í jólasokka, setja á sig rauða skotthúfu eða skarta jólapeysu.

## Rósaball 13. október

Á árlegu Rósaballi heimsækja nemendur í 10. bekk, nemendur í 8. bekk, færa hverjum og einum þeirra rós, bjóða þá formlega velkomna á unglíngastig Glerárskóla. *Ballið er eingöngu fyrir nemendur í 8. til 10. bekk.*

Ballið hefst kl. 20:30 Aðgangseyrir er kr. 1.000 og nemendur annarra grunnskóla bæjarins eru hjartanlega velkomnir

D.J. sér um fjörið – sjoppa verður opin.

**Ballinu lýkur klukkan 23:30.**



## Bleikur föstudagur 14. október



Á „Bleika föstudeginum“ eru nemendur og starfsfólk beðið um að **sýna lit**, bera bleiku slaufuna og klæðast bleiku svo allar konur sem greinst hafa með krabbamein finni stuðning okkar og samstöðu.

Nemendur ganga í bekki og hvetja samnemendur og starfsfólk til að mæta í bleikri flík þennan dag.

## Hrekkjavökuball 3. nóvember

Nemendur skreyta danssalinn með „hryllilegum skreytingum“ og bjóða upp á:

Ball fyrir 1. til 4. bekk frá klukkan 17:00 til 18:15

Ball fyrir nemendur í 5. til 7. bekk fá 18:30 til 20:00

Sjoppan verður opinn – aðgangseyrir: 500 krónur.

Þessi viðburður er eingöngu fyrir nemendur

Glerárskóla.

